

sjóðs, er afplánist með einföldu fangelsi í 80 daga, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði og allan kostnað sakarinnar.

Rekstur málsins hefir verið vitalaus.

Föstudaginn 19. nóvember 1937.

Nr. 118/1937. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)
 gegn

Axel Ármanni Þorsteinssyni

(Jón Ásbjörnsson).

Áfengislagabrot.

Dómur lögegluréttar Reykjavíkur 14. sept. 1937: Kærði, Axel Ármann Þorsteinsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga og greiði 1500 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 55 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Þar sem ekki þykir ástæða til að efast um, eftir því sem fyrir liggur, að kærði hafi gerzt sekur um brot það, sem hann hefir játað á sig í máli þessu, þótt ekki sé upplýst um neinar einstakar sölur áfengis af hans hendi, og með því að fallast má á forsendur og niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, þá ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Rannsókn máls þessa er að því leyti ábótavant, að ekki er upplýst um tilefnið til þess, að rannsókn gegn kærða er hafin, né heldur er nokkur tilraun gerð til þess að upplýsa um einstakar, ólöglegar áfengis-sölur kærða.

Þ v í d æ m i s t r é t t v e r a :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði, Axel Ármann Þorsteinsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálf lutningsmannanna Stefáns Jóhanns Stefánssonar og Jóns Ásbjörnssonar, 50 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Axel Ármann Þorsteinssyni, atvinnulausum, til heimilis á Lindargötu 1 hér í bænum, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 7. jan. 1902, og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

1924 $\frac{8}{12}$ Kærður fyrir þjófnað. Málið afgr. til dómara.
 1925 $\frac{6}{2}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1930 $\frac{7}{7}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir samskonar brot.

- 1933 $2\frac{3}{4}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 15 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 800 króna sekt fyrir bruggun og sölu áfengis.
- 1935 $\frac{3}{6}$ Sætt 400 kr. sekt fyrir ólöglega áfengissölu.
- 1935 $1\frac{1}{11}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 500 króna sekt og 15 daga fangelsi við venjulegt fanga-
viðurværi fyrir ólöglega áfengissölu.
- 1935 $\frac{9}{12}$ Sætt 25 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1936 $\frac{3}{6}$ Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Ekki talin ástæða til opinberra aðgerða.
- 1936 $1\frac{1}{10}$ Sætt 400 króna sekt fyrir ólöglega áfengissölu.
- 1937 $\frac{2}{5}$ Sætt 50 króna sekt fyrir ölvun og ryskingar.

Með játningu kærða er sannað, að hann hefir í atvinnuskyni stundað áfengissölu hér í bænum, aðallega á þessu sumri, en lítilsháttar s. l. vetur og vor. Hefir hann keypt áfengið í sölubúð áfengisverzlunarinnar og síðan selt það hinum og þessum hér við höfnina með tveggja króna álagningu á flöskuna. Kærði hefir fyrir konu og einu barni að sjá og hefir í sumar engar aðrar tekjur haft en af áfengissölu, en ekki hafa þær nægt til framfærslu heimilisins.

Með áfengissölu þessari hefir kærði gerzt brotlegur við 15. gr. sbr. 33. gr. 1. og 2. mgr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga og 1500 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 55 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lög-
birtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Rekstur málsins hefir verið vitalaus.

